

# LANDFRÆÐILEGT MYNSTUR

## AUGLÝSTRA STARFA

*Febrúar 2017*

*Höfundur*

*Arnar Þór Jóhannesson*

*R16-079-BYG*

© RHA - Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2017

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-03-2017

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

**Skýrsla unnin fyrir**  
**Byggðastofnun**

**Efnisyfirlit**

Inngangur og aðferð .....	5
Samantekt .....	6
Auglýsingar flokkaðar eftir landshlutum .....	8
Störf erlendis eða með fleiri en eina mögulega starfstöð .....	32

**Myndayfirlit**

Mynd 1 Hlutfall auglýsinga á Starfatorgi flokkað eftir menntun .....	6
Mynd 2 Hlutfall auglýsinga Starfatorgs eftir landshlutum .....	6
Mynd 3 Skipting auglýsinga eftir háskólamenntuðu starfsfólki eftir landshlutum .....	7
Mynd 4 Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Austurlandi .....	9
Mynd 5 Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Austurland .....	10
Mynd 6 Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á höfuðborgarsvæðinu .....	12
Mynd 7 Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Höfuðborgarsvæðið .....	13
Mynd 8 Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Norðurlandi eystra .....	15
Mynd 9 Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 – Norðurland eystra .....	16
Mynd 10 Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Norðurlandi vestra .....	18
Mynd 11 Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 – Norðurland vestra .....	19
Mynd 12 Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Suðurlandi .....	21
Mynd 13 Auglýsingar á Starfatorgi 2007-2016 - Suðurland .....	22
Mynd 14 Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Suðurnesjum .....	24
Mynd 15 Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Suðurnes .....	25
Mynd 16 Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Vestfjörðum .....	27
Mynd 17 Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Vestfirðir .....	28
Mynd 18 Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Vesturlandi .....	30
Mynd 19 Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Vesturland .....	31

**Töfluyfirlit**

Tafla 1. Austurland .....	8
Tafla 2. Höfuðborgarsvæðið .....	11
Tafla 3. Norðurland eystra .....	14
Tafla 4. Norðurland vestra .....	17
Tafla 5. Suðurland .....	20
Tafla 6. Suðurnes .....	23
Tafla 7. Vestfirðir .....	26
Tafla 8. Vesturland .....	29

## Inngangur og aðferð

Í þessari samantekt verður sjónum beint að auglýstum störfum hjá Starfatorgi árin 2007-2016. Þar er að finna laus störf hjá ríkinu og hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið umsjón með Starfatorginu. Þau gögn sem hér eru notuð til greiningar eru í grunninn til komin þaðan. Þó hafa störfin verið greind eftir menntunarkröfum af RHA. Slóðin á Starfatorgið er [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is).

Bæði var tekin saman fjöldi auglýsinga sem og tilraun gerð til þess að greina þær menntunarkröfur sem gerðar eru til starfanna. Ástæða þess er sú að vísbendingar eru um að menntunarstig sé mun hærra á höfuðborgarsvæðinu heldur en annars staðar á landinu<sup>1</sup>. Einn mikilvægasti áhrifaþátturinn í því þegar fólk velur sér búsetu að loknu námi hlýtur að vera hve mikið framboð sé af störfum við hæfi. Í því samhengi er forvitnilegt að sjá hvar ríkisstofnanir auglýsa laus störf. Ástæða þess að hér er einkum skoðað framboðið af störfum fyrir háskólamenntaða er sú að sá hópur hefur verið að stækka hlutfallslega meðal atvinnulausra undanfarin ár sem bendir til þess að honum gangi verr en áður að finna starf við hæfi<sup>2</sup>. Í lok nóvember 2016<sup>3</sup> var 28% atvinnulausra með háskólamenntun en fimm árum<sup>4</sup> áður var hlutfallið 16% samkvæmt skýrslum Vinnumálastofnunar. Vissulega er það svo að háskólamenntaðir eru oft vel í stakk búinir til þess að skapa sér atvinnu sjálfir en engu að síður er ríkið langstærsti vinnuveitandi háskólamenntaðra á Íslandi. Það liggur því í hlutarins eðli að staðsetning auglýstra starfa á vegum ríkisins getur haft veruleg áhrif á byggðapróun á Íslandi.

Rannsóknir hafa sýnt að háskólamenntun íbúa er líkleg til þess að hafa jákvæð áhrif á byggðarlög og auka aðlögunarhæfni þeirra sem áður bjuggu við einhæft atvinnulíf. Líklegt er að þjónusta, afþreying og menningarframboð aukist með hækkandi menntunarstigi. Þá getur verið erfitt að laða fólk að svæðum þar sem atvinnulíf er fábreytt, með öðrum orðum þá geta margfeldisáhrifin verið nokkur.<sup>5</sup>

Skoðuð voru gögn frá Starfatorgi þar sem búið var að safna saman upplýsingum um tiltekin störf og hvar á landinu það ætti að vinna þau. Ekki kom fram hve mörg stöðugildi voru laus til umsóknar og því var farin sú leið að telja fjölda auglýsinga frekar en fjölda starfa. Ekki var heldur alltaf tekið fram hvaða menntunar væri krafist og var það því hlutverk rannsakanda að komast að því. Ekki var það alltaf augljóst<sup>6</sup> og var þá reynt að komast að því rétta eða því sem talið var líklegast. Það er því mögulegt að í einhverjum tilvikum hafi villur slæðst inn en vafaatriðin voru samt sem áður ekki svo ýkja mörg þannig að þau ættu ekki að skekkja niðurstöðuna svo neinu nemi.

<sup>1</sup> Sjá m.a. Hagstofan 2014 og Byggðastofnun 2016. Þó svo talsvert beri á milli þessara talna sýna þær báðar að mun fleiri háskólamenntaðir búi á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu.

<sup>2</sup> Sjá m.a. „Atvinnuleysi háskólamenntaðra“ 2016 og Hagdeild Landsbankans 2016


<sup>3</sup> [Vinnumálastofnun 2016](#)

<sup>4</sup> Vinnumálastofnun 2011

<sup>5</sup> Þóroddur Bjarnason o.fl. 2017


<sup>6</sup> Stundum var auglýst eftir starfsmanni eða skrifstofumanni til að mynda og var þá reynt að grafa dýpra.

## Samantekt



Mynd 1. Hlutfall auglýsinga á Starfatorgi flokkað eftir menntun 2007-2016


Eins og sést á þessari mynd er mikill munur á milli svæða, þ.e. hversu hátt hlutfall auglýstra starfa krefjast háskólamenntunar. Á Norðurlandi eystra og á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið hæst, rétt rúmlega 75% af auglýstum störfum krefjast háskólamenntunar. Á þessum stöðum eru stærstu þéttbýliskjarnar landsins og þar eru einnig stærstu háskólastofnanirnar og sjúkrahúsinn. Á Vestfirðum eru aðeins 53% þeirra starfa sem auglýst eru þess eðlis að þau krefjast háskólamenntunar. Hver landshluti fyrir sig verður nánar greindur síðar í skýrslunni.



Mynd 2. Hlutfall auglýsinga Starfatorgs eftir landshlutum 2007-2016

Um það bil tvær af hverjum þremur auglýsingum eru þess eðlis að óskað er eftir starfsfólki á höfuðborgarsvæðinu. Tæp 8% þeirra er á Norðurlandi eystra og ríflega 6% auglýsinganna eru á Suðurlandi. Í öðrum landshlutum er hlutfallið 2,9 – 4,7%. Lítil hluti auglýsinga eru þess eðlis að boðið

er upp á fleiri en eina starfsstöð eða þá að um sé að ræða störf erlendis. Þegar einungis þau störf þar sem krafist er háskólamenntunar eru skoðuð (bláa súlan) er myndin svipuð en þó er hlutfallið heldur hærra á höfuðborgarsvæðinu eða tæp 70%. Það þýðir að hlutfallslega eru fleiri störf háskólamenntaðra auglýst á höfuðborgarsvæðinu en störf sem ekki krefjast slíkrar menntunar. Í öðrum landshlutum er hlutfallstalan fyrir störf alls (rauða súlan) oftast hærri heldur en þegar störf fyrir háskólamenntaða eru skoðuð sérstaklega.



Mynd 3. Skipting auglýsinga eftir háskólamenntuðu starfsfólki eftir landshlutum

Líkt of sjá má á Mynd 3 eru 69,9% auglýsinganna miðuð að höfuðborgarsvæðinu, 8,2% að Norðurlandi eystra, 4,9% að Suðurlandinu og 4,0% að Austurlandi. Annars staðar er hlutfallið minna.

Forvitnilegt er að skoða upplýsingarnar í samhengi við menntunarstig. Samkvæmt stöðugreiningu<sup>7</sup> 2016 sem Capacent tók saman fyrir Byggðastofnun höfðu 35% þeirra sem tekið höfðu þátt í könnunum fyrirtækisins háskólapróf. Hlutfallið var langhæst á höfuðborgarsvæðinu eða 42%, þar af höfðu 16% lokið framhaldsnámi úr háskóla. Næst hæst var hlutfallið á Norðurlandi eystra 27%, þar af höfðu 7% lokið framhaldsnámi. Þetta eru einmitt þau tvö svæði þar sem oftast er óskað eftir háskólamenntuðum starfsmönnum. Önnur svæði eru skammt á eftir Norðurlandi eystra með 16 til 24% hlutfall háskólamenntaðra. Rannsóknir Hagstofunnar sýna svipaða mynd, það er að 38% íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 25-64 ára sé með háskólapróf, 30% íbúa á Akureyri á sama aldri en 21-23% íbúa á téðum aldri annars staðar á landinu<sup>8</sup>. Það er því samhljómur varðandi það að menntunarstigið sé mun hærra á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar. Háskólamenntaðir velja sér því frekar búsetu þar frekar en annars staðar á landinu, hverjar svo sem ástæðurnar eru fyrir því.

<sup>7</sup> Byggðastofnun 2016

<sup>8</sup> Hér Þóroddur Bjarnason o.fl. 2016

## Auglýsingar flokkaðar eftir landshlutum

Tafla 1. Austurland

Ár	Fjöldi auglýsinga		Hlutfall	Fjöldi auglýsinga á		Hlutfall	Hlutfall
	Austurland	Alls fjöldi Starfatorgi	auglýsinga á Starfatorgi sem eru á Austurlandi	Austurlandi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Starfatorgi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntun	Íbúa á Íslandi sem búa á svæðinu
2007	95	2001	4,7%	67	1346	4,9%	4,3%
2008	79	1463	5,4%	47	1036	4,5%	3,8%
2009	22	726	3,0%	18	564	3,2%	3,4%
2010	19	900	2,1%	12	718	1,7%	3,3%
2011	24	947	2,5%	16	734	2,2%	3,2%
2012	22	1038	2,1%	17	768	2,2%	3,2%
2013	56	1114	5,0%	43	818	5,3%	3,2%
2014	61	1094	5,6%	35	757	4,6%	3,2%
2015	78	1356	5,8%	45	991	4,5%	3,1%
2016	122	1648	7,4%	56	1153	4,8%	3,1%
<b>Alls</b>	<b>578</b>	<b>12287</b>	<b>4,7%</b>	<b>356</b>	<b>8885</b>	<b>4,0%</b>	<b>3,4%</b>

Líkt og sjá má í töflu 1 hafa verið talsverðar sveiflur varðandi hlut Austfirðinga í auglýsingum á opinberum störfum. Eins og annars staðar voru færri störf auglýst 2009 – 2012 en þó er það þannig að samdrátturinn var meiri en víðast hvar annars staðar á landinu, þannig voru aðeins 1,7 – 2,2% auglýsinga þar sem óskað var eftir starfsfólki með háskólamenntun auglýst með starfsstöð á Austurlandi. Það breytist þó talsvert á árinu 2013 en þá fer sá fjöldi úr 17 í 43. Árið 2016 voru 56 auglýsingar birtar þar sem óskað var eftir starfsfólki með háskólamenntun. Frá árinu 2012 hefur birtum auglýsingum á Starfatorgi fjölgað á hverju ári og er komið úr 22 í 122 árið 2016. Það ár voru mörg störf auglýst hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSH) og eflaust eru sum þannig að ekki hefur tekist að ráða í viðkomandi starf og því hafi staðan verið aftur auglýst síðar. Af þeim 95 auglýsingum sem voru birtar frá HSA voru 37 þar sem óskað var eftir starfsfólki með háskólamenntun. Níu auglýsingar voru birtar frá framhaldsskólunum tveimur á svæðinu.

Á árunum 2007 – 2016 voru birtar 578 auglýsingar fyrir störf á Austurlandi, þar af voru 356 þess eðlis að farið var fram á háskólamenntun, eða 61%. Hlutfallslegt vægi auglýsinga þar sem háskólamenntunar var ekki krafist hefur verið að aukast. Á árunum 2009 og 2012 voru til að mynda aðeins fjögur slík störf auglýst á Starfatorginu.

Eins og annars staðar á landinu þá fækkaði auglýstum störfum mjög mikið í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og voru ekki margar auglýsingar settar fram á Starfatorgi á árunum 2009 – 2012. Var hlutfall auglýsinga á þessu tímabili aðeins 2-3% af öllum auglýstum störfum á tímabilinu. Á undanförunum árum hefur auglýsingunum fjölgað talsvert og undanfarin ár hafa þær verið yfir 5% auglýstra starfa. Þegar svæðið er greint nánar sést að flest störfin eru auglýst af Heilbrigðisstofnun Austurlands (360) og fyrirrennum þess. Þar á eftir koma framhaldsskólarnir tveir, Menntaskólinn á Egilsstöðum (50). og Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað (29). Alls voru 579 auglýsingar birtar á þessu tíu ára tímabili sem um ræðir.

Séu störfin greind niður á einstök byggðalög á Austurlandi eru 238 þeirra á Egilsstöðum eða í Fellabæ og 159 í Neskaupstað. Þess utan voru 17 auglýsingar í Fjarðabyggð, trúlega eru flest þeirra starfa í Neskaupstað. 56 auglýsingar voru merktar Seyðisfirði, 26 Reyðarfirði, 18 Djúpavogi, 12 Eskifirði og 11 Vopnafirði. Í 29 tilvikum var staðsetningin merkt Austurland og þá hefur væntanlega meira frjálsræði gætt varðandi staðsetningu starfsstöðvarinnar innan svæðisins.






Mynd 4. Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Austurlandi

Hlutfall auglýsinga eftir háskólamenntuðum hefur verið á uppleið frá árinu 2010 og var hlutfallið árið 2016 svipað og árið 2007.

Frá árinu 2007 hefur sífelld minna hlutfall þjóðarinnar búið á Austurlandi en eins og fjólubláa línan sýnir þá fækkaði talsvert á árunum 2007-2009, trúlega vegna þess að stórframkvæmdum í tengslum við álver Alcoa á Reyðarfirði lauk. Eins og fjólubláa línan sýnir þá hefur auglýstum störfum fjölgað verulega á Austurlandi síðustu ár, mun meira en gengur og gerist annars staðar. Stórt stökk var á árunum 2012-2013, sem líklega helgast af uppsafnaðri þörf eftir rólega tíð árin á undan, og einnig á milli árana 2015 – 2016 en eins og áður segir kann það að helgast að nokkru leyti af því að einhver störf hafi verið auglýst aftur ef ekki hefur tekist að manna stöðuna. Tölur Vinnumálastofnunar sýna að atvinnuleysi á Austurlandi var mjög lítið árið 2016, 1,5% í nóvember það ár eða 105 manns á svæðinu öllu.<sup>9</sup>

<sup>9</sup> Vinnumálastofnun 2016



Mynd 5. Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Austurland


Eins og annars staðar á landinu voru frekar fáar auglýsingar birtar árin 2009 til 2012 en árið 2016 var meira auglýst en áður, sérstaklega fjölgaði auglýsingum eftir ósérhæfðu starfsfólki. Gott atvinnuástand kann að skýra fjölda auglýsinga árið 2016.

Tafla 2. Höfuðborgarsvæðið

Ár	Fjöldi auglýsinga Starfatorgs á svæðinu	Alls fjöldi auglýsinga á Starfatorgi	Hlutfall auglýsinga á Starfatorgi sem eru á svæðinu	Fjöldi auglýsinga á svæðinu þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Fjöldi auglýsinga á Starfatorgi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Hlutfall auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntun	Hlutfall íbúa á Íslandi sem búa á svæðinu
2007	1394	2001	69,7%	938	1346	69,7%	62,0%
2008	990	1463	67,7%	734	1036	70,8%	62,4%
2009	445	726	61,3%	357	564	63,3%	62,6%
2010	621	900	69,0%	509	718	70,9%	62,8%
2011	676	947	71,4%	545	734	74,3%	63,1%
2012	732	1038	70,5%	566	768	73,8%	63,3%
2013	768	1114	68,9%	584	818	71,4%	63,5%
2014	690	1094	63,1%	504	757	66,6%	63,7%
2015	863	1356	63,6%	678	991	68,5%	63,8%
2016	1033	1648	62,5%	799	1153	69,3%	63,8%
<b>Alls</b>	<b>8212</b>	<b>12287</b>	<b>66,8%</b>	<b>6214</b>	<b>8885</b>	<b>69,9%</b>	<b>63,1%</b>


Eðli málsins samkvæmt eru flest störf hjá ríkinu auglýst á höfuðborgarsvæðinu (pnr 101-221 og 270-276) enda er þar að finna miðstöð stjórnsýslu og stærsta spítala landsins. Hlutfallslega hefur auglýstu störfunum þó fækkað talsvert undanfarin ár. Séu auglýsingar eftir háskólamenntuðu starfsfólki bara skoðaðar breytist hlutfallið þó ekki eins mikið. Árið 2016 var hlutfallið 69,3% sem er örlítið undir meðaltali síðustu 10 ára. Hæst fór hlutfallið í 74,3% árið 2011. Hlutfall auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntuðum er því talsvert hærra en hlutfall íbúa en tæp 64% landsmanna búa á svæðinu sem hér er skilgreint sem höfuðborgarsvæðið. 5501 auglýsing birtust merktar Reykjavík, eða 61,8% allra auglýsinga sem birtust á þessu tímabili sem hér um ræðir á landinu öllu. Af öðrum sveitarfélögum voru 255 í Hafnarfirði, 143 í Kópavogi og 100 í Garðabæ og Álftanesi. Þess utan voru 100 auglýsingar þar sem staðsetning var örlítið á reiki en þó innan höfuðborgarsvæðisins. Flestar þær auglýsingar voru frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra þar sem óskað var eftir starfsfólki en sá málaflokkur er nú á hendi sveitarfélaganna en ekki ríkisins og birtast þau störf því ekki lengur á Starfatorgi.

Landsspítalinn var langstærsti auglýsandinn eftir háskólamenntuðu fólki með 1405 auglýsingar eða um það bil 15,8% allra auglýsinga Starfatorgs. Háskóli Íslands hafði næst flestar auglýsingar eða 677 talsins.



Mynd 6. Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á höfuðborgarsvæðinu

Líkt og sjá má hefur hlutfall auglýstra starfa fyrir háskólamenntaða sveiflast talsvert undanfarin ár. Lægst var hlutfallið árið 2009 eða 63,3%, litlu hærra en hlutfall íbúa landsins á þeim tíma.



Mynd 7. Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Höfuðborgarsvæðið

Líkt og sjá má á mynd 7 þá fækkað auglýsingum ansi mikið árið 2009 en síðan þá hefur þeim fjölgað hægt og örugglega ef frá er skilið árið 2014 þar sem kom örlítill dýfa. Auglýsingar eftir háskólamenntuðum árið 2016 voru orðnar fleiri en árið 2008 en hafa þó ekki náð sama fjölda og árið 2007 en það skýrist líka af því að verkefni hafa færst frá ríkinu til sveitarfélaganna, sem leiðir til færri auglýsinga á Starfstorgi.

Tafla 3. Norðurland eystra

Ár	Fjöldi auglýsinga Starfatorgs á svæðinu	Alls fjöldi auglýsinga á Starfatorgi	Hlutfall auglýsinga á Starfatorgi sem eru á svæðinu	Fjöldi auglýsinga á svæðinu þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Fjöldi auglýsinga á Starfatorgi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Hlutfall auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntun	Hlutfall íbúa á Íslandi sem búa á svæðinu
2007	130	2001	6,5%	102	1346	7,6%	9,3%
2008	98	1463	6,7%	74	1036	7,1%	9,2%
2009	54	726	7,4%	46	564	8,2%	9,1%
2010	52	900	5,8%	46	718	6,4%	9,1%
2011	65	947	6,9%	53	734	7,2%	9,1%
2012	79	1038	7,6%	63	768	8,2%	9,1%
2013	95	1114	8,5%	72	818	8,8%	9,0%
2014	98	1094	9,0%	73	757	9,6%	8,9%
2015	133	1356	9,8%	97	991	9,8%	8,9%
2016	164	1648	9,9%	103	1153	8,9%	8,8%
<b>Alls</b>	<b>968</b>	<b>12287</b>	<b>7,9%</b>	<b>729</b>	<b>8885</b>	<b>8,2%</b>	<b>9,0%</b>


Á árunum 2007 til 2016 voru 968 auglýsingar birtar á Starfatorgi með auglýsta starfsstöð á Norðurlandi eystra (pnr 580-685) sem gera um 7,9% allra auglýsinga. Frá árinu 2011 hefur auglýsingum jafnt og þétt fjölgað á Norðurlandi eystra og voru þær orðnar tæp 10% auglýsinga árin 2014 og 2015. Þegar einungis störf þar sem óskað er eftir fólki með háskólapróf eru skoðuð þá fylgja þau svipuðu mynstri og hefur þeim störfum heilt yfir fjölgað síðustu ár og árin 2014 og 2015 voru þau hlutfallslega fleiri en ef störfunum hefði verið dreift jafnt á alla landshluta í samræmi við mannfjölda. Það er þó undantekningin og hafa að meðaltali 8,2% auglýsinga þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun verið á Norðurlandi eystra en 9% landsmanna búið á svæðinu (sjá töflu 3).

Líkt og Mynd 8 sýnir þá hafa auglýsingar eftir háskólamenntuðum oftast verið hlutfallslega færri en gera mætti ráð fyrir út frá mannfjölda. Þeim hefur samt sem áður farið fjölgandi undanfarin ár og síðustu árin hafa þær verið nálægt mannfjöldalínunni. Af auglýsingunum 726 þar sem óskað er eftir háskólamenntuðum starfsmönnum voru langflest á Akureyri eða 557, eða ríflega þrjár af hverjum fjórum auglýsingum. 75 auglýsingar voru merktar Húsavík og 36 Siglufirði. Þórshöfn og Laugar höfðu 15 auglýsingar og Dalvík 11. Alls voru 602 auglýsingar vestan Vaðlaheiðar en 117 austan. Tíu auglýsingar voru merktar Norðurlandi, þar af sjö um störf hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands sem bendir til ákveðins frjálsræðis varðandi staðsetningu þessara starfsmanna innan starfssvæðisins<sup>10</sup>. Fimm af störfunum voru stjórnunarstörf auglýst hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands síðla árs 2014 þegar verið var að koma nýrri stofnun á fót.

Af einstökum vinnustöðum bar Sjúkrahúsið á Akureyri af með 241 auglýsingu en alls voru auglýsingar heilbrigðisstofnanna á Norðurlandi 308 talsins eða 42% allra auglýsinga. Hinn stóri flokkurinn er menntamál en 114 auglýsingar voru merktar Háskólanum á Akureyri eða tengdum stofnunum og 121 framhaldsskólunum. Þær skiptust þannig Framhaldsskólinn á Húsavík var með 29 auglýsingar, Menntaskólinn á Akureyri 27, Verkmenntaskólinn á Akureyri 26, Framhaldsskólinn á Laugum 22 og Menntaskólinn á Tröllaskaga 17. Eins og áður er hér um að ræða fjölda auglýsinga og það getur til að mynda verið mismunandi hvort auglýst sé eftir mörgum kennurum eða einum kennara. Í 15


<sup>10</sup> Starfssvæði HSN er reyndar allt Norðurland og því hefði verið hægt að flokka þessi störf líka með Norðurlandi vestra en þar sem stærri hluti starfseminnar er á því svæði sem hér er skilgreint sem Norðurland eystra voru þessar auglýsingar staðsettar hér.

auglýsingum VMA var óskað eftir fleiri en einum starfsmanni en hjá Framhaldsskólanum á Húsavík var óskað eftir einum starfsmanni í öllum tilfellum. Þessar auglýsingar Framhaldsskólans á Húsavík voru flestar árið 2007 og þess eðlis að það bendi til að ekki hafi tekist að ráða í stöðurnar í fyrstu tilraun. Það er því ekki hægt að draga þá ályktun að fleiri störf hafi verið auglýst hjá FH en í VMA á þessu tímabili út frá þessum gögnum.



Mynd 8. Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Norðurlandi eystra

Hluttur Norðurlands eystra hefur aukist talsvert varðandi auglýsingar þar sem óskað er eftir háskólamenntuðum frá árinu 2010. Árin 2007 til 2012 voru auglýsingarnar færri en áætla mætti út frá hlutfalli landsmanna sem búa á svæðinu.



Mynd 9. Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 – Norðurland eystra

Mynd 9 sýnir að auglýsingum hefur fjölgað nokkuð jafnt og þétt frá árinu 2010, hvort heldur sem um er að ræða störf sem krefjast háskólamenntunar eða ekki.




Tafla 4. Norðurland vestra

Ár	Fjöldi auglýsinga Starfatorgs á svæðinu	Alls fjöldi auglýsinga á Starfatorgi	Hlutfall auglýsinga á Starfatorgi sem eru á svæðinu	Fjöldi auglýsinga á svæðinu þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Fjöldi auglýsinga á Starfatorgi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Hlutfall auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntun	Hlutfall íbúa á Íslandi sem búa á svæðinu
2007	53	2001	2,6%	35	1346	2,6%	2,4%
2008	43	1463	2,9%	29	1036	2,8%	2,3%
2009	35	726	4,7%	28	564	5,0%	2,3%
2010	23	900	2,6%	18	718	2,5%	2,3%
2011	37	947	3,9%	29	734	4,0%	2,3%
2012	33	1038	3,2%	22	768	2,9%	2,2%
2013	26	1114	2,3%	16	818	2,0%	2,2%
2014	24	1094	2,2%	12	757	1,6%	2,2%
2015	32	1356	2,4%	21	991	2,1%	2,1%
2016	73	1648	4,4%	42	1153	3,6%	2,1%
<b>Alls</b>	<b>379</b>	<b>12287</b>	<b>3,1%</b>	<b>252</b>	<b>8885</b>	<b>2,8%</b>	<b>2,2%</b>

Á Norðurlandi vestra (pnr. 530-570) voru 379 auglýsingar birtar á Starfatorgi og þar af voru 252 ætlaðar fólki með háskólamenntun. Á heildina litið eru það 3,1% allra starfa, þegar einungis auglýsingar þar sem krafist er háskólamenntunar eru skoðaðar lækkar talan örlítið og fer niður í 2,8%. Á árunum 2007 og 2008 voru 2,6 – 2,8% auglýsinga háskólastarfa merktar Norðurlandi vestra. Árið 2009 fækkaði auglýsingum á landsvísu um næstum helming eftir efnahaghrunið á Íslandi en Norðurland vestra hélt sínu og var með nánast jafnmargar auglýsingar þá og árið áður eða 28 talsins. Munar þar mestu um starfsemi Vinnumálastofnunar í landshlutanum en atvinnuleysi jókst mikið á þessum tíma og starfsemi stofnunarinnar óx, öfugt við flestar aðrar ríkisstofnanir. Árin á eftir voru 12 – 29 auglýsingar, allt þar til árið 2016 þegar auglýsingarnar urðu 42, en þrjú ár þar á undan voru þær alls 49 talsins. Hlutfallið var komið upp í 3,6% árið 2016. Flest störfín á árinu 2016 voru innan heilbrigðisgeirans eða 26 talsins, 59% (sjá töflu 4).


Á þeim 10 árum sem voru skoðuð var tæplega helmingur auglýsinganna frá heilbrigðisstofnunum eða 125 talsins. 72 auglýsingar bárust frá menntastofnunum, aðallega frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (43) annars vegar og Háskólanum á Hólum (27) hins vegar. Tvær komu frá Háskóla Íslands. 51 auglýsing kom frá öðrum, þar ber helst að nefna Byggðastofnun (8), Vinnumálastofnun (8), Matvælastofnun (6), Hafrannsóknarstofnun (5) og Íbúðalánasjóð (5).

Flestar auglýsingarnar eftir háskólamenntuðum gerðu ráð fyrir starfsstöð á Sauðárkróki eða 139. Á Blönduósi var 46 sinnum auglýst, 31 á Hvammstanga, 23 sinnum á Hólum og níu sinnum á Skagaströnd.



Mynd 10. Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Norðurlandi vestra

Auglýsingum á Starfatorgi fækkaði ekki árið 2009 líkt og víðast hvar annars staðar sem skýrir skyndilega hlutfallshækkun það ár. Hlutfallið hefur yfirleitt verið hærra heldur en það hlutfall landsmanna sem býr á svæðinu, en íbúum svæðisins hefur reyndar farið fækkandi undanfarin ár.



Mynd 11. Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 – Norðurland vestra

Auglýsingum á Norðurlandi vestra fjölgaði mikið árið 2016 og voru þær 77 í heildina það árið. Aukninguna má fyrst og fremst rekja til heilbrigðisstofnanna á svæðinu. Það getur líka verið til marks um gott atvinnuástand og auglýsa þurfi hvert starf oft og mörgum sinnum.


Tafla 5. Suðurland

Ár	Fjöldi Starfatorgs á svæðinu	Alls fjöldi auglýsinga á Starfatorgi	Hlutfall auglýsinga á Starfatorgi sem eru á svæðinu	Fjöldi auglýsinga á Suðurlandi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Fjöldi auglýsinga á Starfatorgi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Hlutfall auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntun	Hlutfall íbúa á Íslandi sem búa á svæðinu
2007	105	2001	5,2%	63	1346	4,7%	8,2%
2008	81	1463	5,6%	59	1036	5,7%	8,2%
2009	71	726	9,8%	48	564	8,5%	8,2%
2010	72	900	8,0%	51	718	7,1%	8,2%
2011	57	947	6,1%	34	734	4,6%	8,1%
2012	65	1038	6,3%	39	768	5,1%	8,1%
2013	60	1114	5,5%	36	818	4,4%	8,1%
2014	62	1094	5,7%	33	757	4,4%	8,1%
2015	86	1356	6,3%	40	991	4,0%	8,1%
2016	102	1648	6,2%	56	1153	4,9%	8,1%
<b>Alls</b>	<b>761</b>	<b>12287</b>	<b>6,2%</b>	<b>459</b>	<b>8885</b>	<b>5,2%</b>	<b>8,1%</b>

Á Suðurlandi kom niðursveiflan í fjölda starfa seinna fram en víðast hvar annars staðar. Þannig fækkaði auglýsingum fyrir háskólamenntaða aðeins úr 63 í 48 (24% fækkun) á milli árunna 2007 og 2009 en á sama tíma fækkaði sambærilegum auglýsingum á landsvísi úr 1345 í 564 (fækkaði um 58%). Árið 2010 fjölgaði auglýsingunum lítillega líkt og á landinu öllu. Eftir það fór þeim fækkandi og voru þær 40 eða færri allt til ársins 2016. Hlutfall auglýsinganna á þessum árum var 4-5% sem er mun lægra en það hlutfall landsmanna sem býr á svæðinu. Árið 2016 fjölgaði auglýsingunum úr 40 í 56 og fór í 4,8% og hefur ekki verið jafn hátt síðan 2012.


Heilbrigðisstofnun Suðurlands átti flestar auglýsingar á Starfatorgi á þessu tímabili sem hér um ræðir eða 129, Matvælastofnun átti næst flestar eða 58 talsins, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum átti 23, Menntaskólinn að Laugarvatni 21, Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum 20.

Sé litið til einstakra þéttbýlisstaða eru flestar auglýsingar á Selfossi eða 205. Eru það aðallega heilbrigðisstofnunin, fjölbrautaskólinn og Matvælastofnun en þessir þrír aðilar eiga 171 af auglýsingunum eða 83%. Næst flestar auglýsingarnar komu frá Höfn í Hornafirði, 69 og voru 47 þeirra frá Framhaldsskólanum í Austur Skaftafellssýslu. Alls voru 74 auglýsingar merktar Vestmannaeyjum, þar af voru 54 tengdar heilbrigðisstofnuninni eða framhaldsskólanum. Laugarvatn (24), Þorlákshöfn (9) og Hveragerði (7) komu þar á eftir.



Mynd 12. Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Suðurlandi

Eins og sjá má á þessari mynd hafa verið sveiflur þegar kemur að því að hve hátt hlutfall starfa fyrir háskólamenntaða er auglýst í landshlutanum. Nær alltaf hefur hlutfallið verið talsvert lægra en hlutfall landsmanna sem býr í landshlutanum.



Mynd 13 Auglýsingar á Starfatorgi 2007-2016 - Suðurland

Ekki varð sama fækkun í fjölda auglýsinga og víðast hvar annars staðar á landinu árin 2009 og 2010. Ef til vill helgast það af því hve auglýstu störfín voru fá fyrir og því kannski lítið svigrúm til þess að draga saman seglin.

Tafla 6. Suðurnes


Ár	Fjöldi Starfatorgs á svæðinu	Alls fjöldi auglýsinga á Starfatorgi	Hlutfall auglýsinga á Starfatorgi sem eru á svæðinu	Fjöldi auglýsinga á svæðinu þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Fjöldi auglýsinga á Starfatorgi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Hlutfall auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntun	Hlutfall íbúa á búa á svæðinu
2007	69	2001	3,4%	42	1346	3,1%	5,8%
2008	65	1463	4,4%	37	1036	3,6%	6,2%
2009	34	726	4,7%	25	564	4,4%	6,4%
2010	46	900	5,1%	32	718	4,5%	6,3%
2011	24	947	2,5%	17	734	2,3%	6,3%
2012	35	1038	3,4%	20	768	2,6%	6,3%
2013	27	1114	2,4%	20	818	2,4%	6,2%
2014	52	1094	4,8%	35	757	4,6%	6,3%
2015	36	1356	2,7%	21	991	2,1%	6,4%
2016	41	1648	2,5%	17	1153	1,5%	6,4%
<b>Alls</b>	<b>429</b>	<b>12287</b>	<b>3,5%</b>	<b>266</b>	<b>8885</b>	<b>3,0%</b>	<b>6,3%</b>

Færri störf eru auglýst á Starfatorgi á Suðurnesjum en vænta mætti út frá mannfjölda. Aðeins 3,5% allra auglýsinga eru merktar Suðurnesjum og ennþá færri eða 3,0% ef aðeins auglýsingar eru skoðaðar þar sem háskólamenntunar er krafist. Árin 2015 og 2016 hafa verið einkar slök í því tilliti en árið 2016 voru aðeins 1,5% slíkra starfa auglýst á Suðurnesjum þrátt fyrir að 6,4% landsmanna búi þar. Þegar tíu ára tímabil er skoðað sést að aldrei nær hlutfall slíkra auglýsinga að verða jafnhátt og hlutfall landsmanna sem býr á Suðurnesjum.

Flestar auglýsingar hafa komið frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eða 158 talsins en Fjölbrautaskóli Suðurnesja er í öðru sæti með 47 talsins. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra var með 25 auglýsingar áður en málaflokkurinn fluttist til sveitarfélaganna í ársbyrjum 2011. Þessir þrjú aðilar skipta með sér 230 auglýsingum eða 86% allra auglýsinganna. Ísavia ohf auglýsir ekki á Starfatorgi en þar, og hjá dótturfélögum þess, starfa 1200 manns, flestir á Suðurnesjum.<sup>11</sup>

Langflest starfanna eru í Reykjanesbæ og Keflavíkurflugvelli eða 231 af störfunum 266. 11 störf voru auglýst í Grindavík, fjögur í Garðinum (öll hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra sem ekki er lengur undir ríkinu), eitt í Sandgerði og eitt í Útskálum. Átján auglýsingar voru merktar Reykjanesi eða Suðurnesjum.


<sup>11</sup> Ísavia (e.d.)



Mynd 14. Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Suðurnesjum

Hlutfall auglýsinga eftir háskólamenntuðum á Suðurnesjum er iðulega mun lægra en hlutfall landsmanna sem býr á Suðurnesjum. Lægst var hlutfallið árið 2016 eða 1,5%.





Mynd 15. Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Suðurnes

Fjöldi auglýsinga á Suðurnesjunum var mestur árin 2007 og 2008 líkt og víðast hvar annars staðar á landinu. Auglýsingunum fækkaði þó ekki eins mikið árin eftir efnahagshrunið og annars staðar á landinu enda var atvinnuleysið hvergi meira á þeim tíma. Undanfarin ár hefur atvinnuástand batnað til muna sem kann að skýra fækkun auglýsinga en árið 2011 og 2016 voru aðeins 17 auglýsingar þar sem krafist var háskólamenntunar.

Tafla 7. Vestfirðir


Ár	Fjöldi auglýsinga Starfatorgs á svæðinu	Alls fjöldi auglýsinga á Starfatorgi	Hlutfall auglýsinga á Starfatorgi sem eru á svæðinu	Fjöldi auglýsinga á svæðinu þar sem óskað er eftir með háskólamenntun	Fjöldi auglýsinga á Starfatorgi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Hlutfall auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntun	Hlutfall íbúa á búa á svæðinu
2007	54	2001	2,7%	30	1346	2,2%	2,4%
2008	52	1463	3,6%	20	1036	1,9%	2,3%
2009	26	726	3,6%	13	564	2,3%	2,3%
2010	26	900	2,9%	19	718	2,6%	2,3%
2011	24	947	2,5%	10	734	1,4%	2,3%
2012	28	1038	2,7%	13	768	1,7%	2,2%
2013	30	1114	2,7%	16	818	2,0%	2,2%
2014	41	1094	3,7%	23	757	3,0%	2,2%
2015	40	1356	2,9%	22	991	2,2%	2,2%
2016	39	1648	2,4%	25	1153	2,2%	2,1%
<b>Alls</b>	<b>360</b>	<b>12287</b>	<b>2,9%</b>	<b>191</b>	<b>8885</b>	<b>2,1%</b>	<b>2,3%</b>

Fáar auglýsingar hafa birst undanfarin ár þar sem óskað er eftir starfsfólki með háskólamenntun á Vestfjörðum. Árið 2007 voru 30 slíkar auglýsingar hjá Starfatorgi og síðan þá hafa þær ekki náð viðlíka flugi. Þeim hefur þó verið að fjölga sem hlutfall af öllum slíkum auglýsingum á Íslandi og árin 2015 og 2016 voru þær 2,2% líkt og 2007 (Mynd 16). Mögulega má skýra fækkun starfa með tilfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Sé litið til allra auglýsinga, óháð menntunarkröfum, vænkast hlutfallið á Vestfjörðum. Tæplega 3% auglýsinganna á árunum 2007-2016 eru merktar Vestfjörðum. Hæst var hlutfallið árið 2014 eða 3,7%. Flestar auglýsingarnar birtust þó árin 2007 og 2008 en þá voru 54 og 52 auglýsingar birtar en þeim snarfækkaði eftir það eins og annars staðar á landinu.


Séu störfin greind eftir byggðarlögum sést að næstum fjórar af hverjum fimm auglýsingum voru merktar Ísafirði eða 150 talsins auk þess sem níu auglýsingar voru merktar Vestfjörðum sem slíkum og þrjár voru á Ísafirði og Bolungarvík (starfið er á báðum þessum stöðum). Næst flestar auglýsingar voru á Patreksfirði eða 16 talsins.

Séu störfin flokkuð eftir geirum sést að flest störfin eru innan heilbrigðisgeirans eða 67 talsins auk sjö auglýsinga frá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á árunum 2007 til 2010, en eftir það færðist málaflokkurinn til sveitarfélaga. Menntaskólinn á Ísafirði birti 45 auglýsingar, sýslumaðurinn á Ísafirði 8 og Veðurstofa Íslands á Ísafirði 7.



Mynd 16. Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Vestfirðum

Vestfirðingum hefur farið fækkandi sem hlutfall allra Íslendinga. Hlutfall auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntuðum hefur rokkað frá 1,4% lægst upp í 3,0% (2014) hæst.



Mynd 17. Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Vestfirðir

Auglýsingum eftir háskólamenntuðu starfsfólki hefur fjölgað undanfarin ár en önnur störf hafa ekki náð viðlíka hæð og árin 2007 og 2008. Hvergi á landinu er hlutfallið milli háskólamenntaðra og annarra jafnara (Mynd 1).


Tafla 8. Vesturland

Ár	Fjöldi auglýsinga Starfatorgs á svæðinu	Alls fjöldi auglýsinga á Starfatorgi	Hlutfall auglýsinga á Starfatorgi sem eru á svæðinu	Fjöldi auglýsinga á svæðinu þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Fjöldi auglýsinga á Starfatorgi þar sem óskað er eftir fólki með háskólamenntun	Hlutfall auglýsinga þar sem óskað er eftir háskólamenntun	Hlutfall íbúa á Íslandi sem búa á svæðinu
2007	79	2001	3,9%	54	1346	4,0%	4,9%
2008	44	1463	3,0%	28	1036	2,7%	4,9%
2009	28	726	3,9%	20	564	3,5%	4,9%
2010	32	900	3,6%	23	718	3,2%	4,8%
2011	32	947	3,4%	24	734	3,3%	4,8%
2012	31	1038	3,0%	19	768	2,5%	4,8%
2013	36	1114	3,2%	19	818	2,3%	4,8%
2014	56	1094	5,1%	34	757	4,5%	4,7%
2015	68	1356	5,0%	48	991	4,8%	4,7%
2016	56	1648	3,4%	41	1153	3,5%	4,7%
<b>Alls</b>	<b>462</b>	<b>12287</b>	<b>3,8%</b>	<b>310</b>	<b>8885</b>	<b>3,5%</b>	<b>4,8%</b>

Alls voru 462 auglýsingar frá Starfatorgi á Vesturlandi (pnr. 300-371) á árunum 2007 til 2016 og þar af voru 310 þess eðlis að óskað var eftir háskólamenntuðu starfsfólki eða ríflega tvær af hverjum þremur. Á árunum 2007 til 2013 voru þetta 3,1 til 4,1% auglýsinga en árin 2014 og 2015 fjölgaði þeim nokkuð og fóru í 5% en fækkaði svo aftur árið 2016. Svipaða sögu er að segja ef aðeins auglýsingar þar sem óskað er eftir háskólamenntuðum er skoðaðar (Mynd 18). Aðeins árið 2015 náði hlutfallið sömu hæðum og hlutfall íbúa landsins er í landshlutanum. Aukningin skýrist mögulega af uppsafnaðri þörf eftir fáar auglýsingar árin 2012 og 2013.


Flestar auglýsingarnar fyrir háskólamenntaða voru á Akranesi eða 142 talsins. Það voru fyrst fremst Fjölbrautaskóli Vesturlands og heilbrigðisstofnunin sem auglýstu þessi störf. 21 auglýsing var merkt Borgarnesi og 32 voru staðsettar á Hvanneyri. Á Snæfellsnesi voru flestar á Grundarfirði (42) en þar á eftir komu Stykkishólmur (28) og Ólafsvík (17). Átta störf voru auglýst á Vesturlandi og tvö á Snæfellsnesi sem buðu upp á svigrúm varðandi starfsstöð innan landshlutans eða svæðisins og voru það Matvælastofnun og Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem stóðu fyrir því.

Séu einstakar stofnanir skoðaðar á Vesturlandi sést að Heilbrigðisstofnun Vesturlands og stofnanir sem síður urðu hluti af HSV eru fyrirferðarmestar með 132 auglýsingar. Þess ber að geta að ekki allar auglýsingar stofnunarinnar koma fram hér því starfsemi hennar teygir sig einnig á aðra landshluta. Næst í röðinni eru menntastofnanir en Fjölbrautaskóli Vesturlands hafði 55 auglýsingar, Fjölbrautaskóli Snæfellinga 35 og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri 28.



Mynd 18. Hlutfall auglýsinga háskólamenntaðra og mannfjöldi á Vesturlandi

Líkt og sjá má búa tæp fimm prósent landsmanna á Vesturlandi og fer reyndar heldur fækkandi sem hlutfall af heildar íbúum landsins. Hlutfall auglýstra starfa háskólamenntaðra á svæðinu hefur nær alltaf verið lægra en íbúafjöldinn gæti gefið til kynna.



Mynd 19. Auglýst störf á Starfatorgi 2007-2016 - Vesturland

Auglýstum störfum á Vesturlandi fækkaði mjög eftir niðursveifluna sem hófst í lok árs 2008. Fjöldi starfa hefur ekki náð sömu hæðum og áður en niðursveiflan hófst. Árin 2014-2016 var oftast auglýst eftir háskólamenntuðu fólki en árið 2008 en þó hafa þau ekki ennþá náð sömu hæðum og 2007 (30).

## Störf erlendis eða með fleiri en eina mögulega starfstöð

Í 114 skipti var auglýsingin þannig orðuð að boðið var upp á að sinna henni í fleiri en einum landshluta, til dæmis þegar stofnanir hafa starfsstöðvar víða um land eða erlendis. 27 auglýsingar voru á þá leið að um væri að ræða störf erlendis. Nær allar þær auglýsingar voru á vegum utanríkisráðuneytisins eða stofnana sem falla þar undir. 13 af þeim störfum voru starfsþjálfunarpláss og var ákveðið að telja þau störf með hérna því gerð er krafa um að einstaklingar hafi lokið a.m.k. hluta af sínu háskólanámi. Líklegt er að fleiri en einn sé ráðinn í hvert skipti í þau störf. Hin störfin fjögur sem voru auglýst erlendis voru auglýst af Biskupi Íslands, Ferðamálastofu, Orkustofnun og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

81 auglýsing birtust þar sem boðið var upp á mikinn sveigjanleika varðandi starfsstöðvar á landinu öllu. Umhverfisstofnun átti 21 slíka auglýsingu en stofnunin er með starfsemi á átta stöðum á landinu og virðist hún gefa starfsmönnun ákveðið frjálsræði varðandi starfsstöð. Matvælastofnun var með 16 slíkar auglýsingar og Íslenskar orkurannsóknir með átta en sú stofnun er með starfsemi á Akureyri og í Reykjavík. Sömu sögu er að segja af Ferðamálastofu en hún er með fimm auglýsingar á tímabilinu þar sem fólki er gefinn kostur á að sinna störfunum frá Reykjavík eða Akureyri en sjö auglýsingar gera ráð fyrir starfsstöð bara á öðrum hvorum staðnum.



**Heimildaskrá**

Byggðastofnun. (2016). *Stöðugreining 2016. Byggðapróun á Íslandi*. Sótt 9. febrúar 2017 af <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2016-09-22.pdf>

Isavia. (e.d.). *Vilt þú verða hluti af góðu ferðalagi?* Sótt 1. febrúar 2017 af <http://www.isavia.is/um-isavia/storf-hja-isavia>

Hagstofa Íslands. (2014, 3. júlí). *Helstu niðurstöður manntals 2011*. Sótt 2. febrúar 2017 af [https://www.hagstofa.is/media/43800/hag\\_140703.pdf](https://www.hagstofa.is/media/43800/hag_140703.pdf)

Hagfræðideild Landsbankans. (15. október 2015). *Atvinnuleysi enn á niðurleið – en staða háskólamenntaðra batnar minnst*. Sótt 1. febrúar 2017 af <https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2015-10-13-Atvinnuleysi.pdf>

Vinnumálastofnun. (2016, nóvember). *Staða á vinnumarkaði*. Sótt 9. febrúar 2017 af <https://www.vinnumalastofnun.is/media/1757/nov-2016.pdf>.

Vinnumálastofnun. (2011, nóvember). *Staða á vinnumarkaði*. Sótt 9. febrúar 2017 af <https://www.vinnumalastofnun.is/media/1280/nov-11.pdf>

Póroddur Bjarnason, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Ingólfur Arnarson, Skúli Skúlason og Kolbrún Ósk Baldursdóttir. (2016). Svæðisbundin áhrif íslenskra háskóla. *Tímarit um uppeldi og menntun* 25(2) 2016. Sótt 25. janúar 2017 af <https://ojs.hi.is/tuuom/article/view/2439/1324>

Pórhildur Þorkeldsdóttir. (2016, 9. maí). *Atvinnuleysi háskólamenntaðra fer vaxandi*. Visir.is. Sótt 25. janúar 2017 af <http://www.visir.is/atvinnuleysi-haskolamenntadra-fer-vaxandi/article/2016160518699>